

***BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds - R20010132***

Flokkur fólksins leggur til að innheimtu árlegs hundeftirlitsgjalds verði frestað þar til stýrihópur sem endurskoðar reglur um dýrahald hefur lokið störfum. Ítrekað hefur komið fram hin megni óánægja sem ríkir með árlegt hundaeftirlitsgjald. Flokkur fólksins hefur ítrekað spurt um í hvað þessi gjöld fara nákvæmlega. Svörin eru ekki fullnægjandi og finnst sem gæti varna í umsögnum og viðbrögðum Heilbrigðiseftirlitsins. Greiðendur hundaftirlitsgjalds telja margir að dæmið gangi ekki upp sama hvaða reikningskúnstir eru notaðar. Hundaeigendur greiða um 35 milljónir á ári í hundaleyfisgjöld en samt er það staðfest að verkefni eftirlitsins hefur fækkað til muna og umfang starfs hundaftirlistmanna þar með. Flokkur fólksins hefur óskað eftir að fá upp á borð vinnuskýrslur til að sjá verkefni og umfang verkefna þeirra. Fyrirsjáanlegt er að þær fái ekki framlagðar. Ef litið er nánar á tölur frá HER sést glögg að verkefnum hefur fækkað mjög. Árið 2000 voru kvartanir um 1300. Árið 2012 milli 600 og 700, árið 2018 um 80 og árið 2019 um 84. Fjölda lausagönguhunda og hunda í hundageymslum hefur einnig fækkað. Frá 2010 var fjöldi hunda í hundageymslum 89 en árið 2016 11. Árið 2010 voru lausagöngumál 209 en árið 2016 vor lausagöngumál aðeins 62.